

Tryggingarsjóður  
innstæðueigenda og fjárfesta

Ársreikningur 2015

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta  
Borgartúni 35  
105 Reykjavík

Kt. 510400-3560

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Heildaryfirlit yfir rekstur og efnahag árið 2015 .....	3
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	4
Áritun óháðs endurskoðanda .....	6
Innstæðudeild A:	
Rekstrarreikningur .....	8
Efnahagsreikningur .....	9
Sjóðstreymi .....	10
Skýringar .....	11
Innstæðudeild B:	
Rekstrarreikningur .....	13
Efnahagsreikningur .....	14
Sjóðstreymi .....	15
Skýringar .....	16
Verðbréfadeild:	
Rekstrarreikningur .....	24
Efnahagsreikningur .....	25
Sjóðstreymi .....	26
Skýringar .....	27

# Heildaryfirlit yfir rekstur og efnahag árið 2015

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta var stofnaður 28. desember 1999 og starfar eftir lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta með síðari breytingum. Sjóðurinn starfar í þremur deildum með aðskilinn fjárhag; innstæðudeild A, innstæðudeild B og verðbréfadeild.

## Rekstur 2015

	Innstæðudeild A	Innstæðudeild B	Verðbréfadeild
<b>Tekjur</b>			
Framlög aðildarfyrirtækja .....	3.261.843	0	1.714
Endurheimtur frá slitabúum .....	0	1.590.772	0
Vaxtatekjur og verðbætur .....	1.003.319	575.580	11.514
	<u>4.265.162</u>	<u>2.166.352</u>	<u>13.228</u>
<b>Gjöld</b>			
Greitt vegna lcesave .....	0	20.000.000	0
Laun og launatengd gjöld .....	9.806	16.099	163
Annar rekstrarkostnaður .....	10.267	71.310	175
Eftirlit og umsýsluþóknun .....	26.649	0	0
Gengismunur .....	0	349.764	0
Fjármagnstekjuskattur .....	193.074	117.022	2.302
	<u>239.796</u>	<u>20.554.195</u>	<u>2.640</u>
<b>Tekjur umfram gjöld (gjöld umfr. tekjur) ....</b>	<u>4.025.366</u>	<u>( 18.387.843)</u>	<u>10.588</u>

## Efnahagur 31.12.2015

	Innstæðudeild A	Innstæðudeild B	Verðbréfadeild
<b>Eignir</b>			
<b>Bankainnstæður og verðbréf</b>			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæður .....	6.643	4.298.567	253.864
Aðrar bankainnstæður .....	53.464	0	0
Innlend ríkisskuldabréf .....	17.898.819	0	0
	<u>17.958.926</u>	<u>4.298.567</u>	<u>253.864</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Kröfur á slitabú .....	0	1.286.000	0
Kröfur á aðildarfélag .....	797.031	0	0
Krafa á innstæðudeildir .....	0	7.233	0
Krafa á verðbréfadeild .....	0	70	0
	<u>797.031</u>	<u>1.293.303</u>	<u>0</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>18.755.957</u>	<u>5.591.870</u>	<u>253.864</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuld við innstæðudeildir .....	7.233	0	70
Skuld við verðbréfadeild .....	0	0	0
Fjármagnstekjuskattur .....	109.334	86	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	7.930	611	34
	<u>124.497</u>	<u>697</u>	<u>104</u>
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé .....	18.631.460	5.591.173	253.760
	<u>18.631.460</u>	<u>5.591.173</u>	<u>253.760</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>18.755.957</u>	<u>5.591.870</u>	<u>253.864</u>

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) var stofnaður 28. desember 1999 og starfar eftir lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta með síðari breytingum. Sjóðurinn starfar í þremur deildum með aðskilinn fjárhag; innstæðudeild A, innstæðudeild B og verðbréfadeild. Einnig er sjóðnum heimilt að starfrækja sérstaka lánadeild.

Í júní 2012 samþykkti Alþingi breytingar á lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Voru þær breytingar í takt við bráðabirgðaákvæði frá því í maí 2011 þar sem aðildarfélögum innstæðudeildar var meðal annars gert að greiða ársfjórðungslegt iðgjald til sjálfstæðrar deildar frá og með árinu 2011, auk þess sem skilgreiningu á innstæðum var breytt. Allar iðgjaldagreiðslur frá og með árinu 2011 hafa runnið til innstæðudeildar A en eldri deildin kallast innstæðudeild B.

Þeir fjármunir sem voru til í sjóðnum við setningu bráðabirgðaákvæðisins eru færðir í ársreikningnum undir innstæðudeild B en iðgjöld sem hafa verið greidd til sjóðsins eftir þann tíma eru færð undir innstæðudeild A.

Í þjóðaratkvæðagreiðslu þann 9. apríl 2011 voru svokölluð Icesave lög felld en þau lög hefðu heimilað fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, að staðfesta samninga þá sem áritaðir voru í London 8. desember 2010 og fjölluðu um ábyrgð íslenska ríkisins á endurgreiðslu TIF til breska innstæðutryggingarsjóðsins (Financial Services Compensation Scheme) og hollenska seðlabankans (De Nederlandsche Bank). Var með þessu bundinn endi á það samningsferli sem staðið hafði með hléum í rúm tvö ár.

Eins og fjallað er um í skýringu nr. 4 í reikningum innstæðudeildar B tók stjórn TIF þann 8. september 2011 ákvörðun um greiðslu úr innstæðudeild í kjölfar hruns íslensku bankanna í október 2008 og síðar. Ákvörðunin fól í sér að til greiðslu til innstæðueigenda í LBI hf. kæmu fjármunir og aðrar eigur innstæðudeildar B sem þar voru við fall bankans í október 2008 auk þeirrar ávöxtunar sem þeir fjármunir hafa borið frá þeim tíma. Gegn greiðslu yfirtæki TIF að fullu kröfur innstæðueigenda á hendur þrotabúinu.

Stjórn TIF lítur svo á að greiðslur iðgjalda til TIF hafi myndað nýjan grunn frá og með gjalddaga ársins 2009 og að þeir fjármunir standi ekki til útgreiðslu fyrir innstæðueigendur fjármála fyrirtækja sem FME lýsti ógjaldfær fyrir það tímamark. Stjórn TIF er ekki kunnugt um skuldbindingar vegna þeirra fjármála fyrirtækja sem FME hefur lýst ógjaldfær síðar. Ástæða þess er sú að allar innstæður þeirra voru að meginstefnu til fluttar til annarra innlánsstofnana.

Fræstur til að skila athugasemdum við ákvörðunina rann út í byrjun desember 2011. Viðamestu athugasemdirnar bárust frá hollenska seðlabankanum (De Nederlandsche Bank - „DNB“) og breska innstæðutryggingarsjóðnum (Financial Services Compensation Scheme - „FSCS“). TIF átti í kjölfarið í bréfasamskiptum við DNB og FCS og jafnframt fundi með fulltrúum þeirra þar sem leitast var við að skýra sjónarmið TIF. Viðræður þessara aðila skilðu ekki árangri og DNB og FSCS stefndu TIF fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur og voru málin þingfest þann 28. nóvember 2013. Hinir DNB og FSCS gerðu kröfu um að TIF yrði gert að greiða eða staðfest yrði að TIF hefði borið að greiða að fullu lágmarkstryggingu fyrir hvern innstæðueiganda, með áföllnum vöxtum og kostnaði. Höfuðstóll krafanna nam tæplega 556 milljörðum íslenskra króna og ýtrustu kröfur aðilanna voru metnar á um eitt þúsund milljarða króna með áföllnum vöxtum og kostnaði þegar málin voru þingfest.

Þann 17. september 2015 náðust samningar milli TIF annars vegar og DNB og FSCS hins vegar sem fela í sér að TIF greiddi þessum aðilum samtals 20 milljarða króna. Fór greiðslan fram í erlendum myntum og veitti Seðlabanki Íslands undanþágu frá gjaldeyrishöftum að því marki sem þurfti til að unnt væri að inna greiðslur af hendi. DNB og FSCS féllu frá öllum kröfum á hendur TIF og hafa síðan fellt niður þau dómsmál sem voru til meðferðar. Telst ágreiningi þessara aðila nú að fullu lokið.

Skuldbindingar TIF gagnvart kröfuhöfum í kjölfar efnahagshrunsins sem varð árið 2008 teljast nú að fullu efndar og er ekki gert ráð fyrir að frekari greiðslur verði úr B-deild sjóðsins. Stjórn TIF hyggst leggja niður B-deild sjóðsins á fljótlega og munu fjármunir þeir sem eftir eru í B-deildinni renna til A-deildar sjóðsins í samræmi við ákvæði til bráðabirgða V. í lögum nr. 98/1999, sbr. 7. gr. laga nr. 79/2012.

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Eigið fé innstæðudeildar B nam 5.590 millj. kr. í árslok 2015. Ekki þykir lengur ástæða til að aðgreina sérstaklega þá fjármuni sem til staðar voru í innstæðudeild B við efnahagshrunið í ljósi þess að þær kröfur sem urðu til á hendur sjóðnum við fall bankanna árið 2008 eru nú uppgerðar eða þeim lokið af öðrum orsökum. Eins og gerð er grein fyrir í skýringu nr. 4 í reikningum innstæðudeildar B er hluti eigna deildarinnar í formi krafna á hendur þeim félögum sem nú hafa orðið til í kjölfar nauðasamninga fallinna fjármálafyrirtækja og jafnframt hefur TIF eignast hlutafé í þeim félögum. Vegna óvissu um endanlega kröfufjárhæð og uppgjör þessara krafna hafa þær fram til þessa ekki verið færðar til eignar í ársreikningi sjóðsins. Þar sem nú liggur fyrir samþykki Seðlabankans og dómstóla um að ljúka slitafarli þrotabúanna og hefja útgreiðslu hefur dregið úr óvissu um áætlaðar endurheimtur og sjóðurinn því ákveðið að breyta mati sínu á kröfunum. Kröfurnar eru færðar til tekna í rekstrarreikningi og til eignar í samræmi við áætlaðar endurheimtur. Við matið var stuðst við upplýsingar frá slitastjórnnum þrotabúanna um áætlaðar endurheimtur ásamt upplýsingum um viðskiptaverð krafna. Sjóðurinn fékk á árinu greiddar kröfur að fjárhæð 305 millj. kr. Áætlaðar endurheimtur þeirra krafna sem eftir standa í árslok námu 1.286 millj. kr.

Heildareignir verðbréfadeildar skulu að lágmarki nema 100 millj. kr. Eigið fé deildarinnar nam 254 milljónum króna í árslok 2015. Einungis er innheimt vegna nýrra aðildarfélaga.

Almennt iðgjald til A-deildar nemur 0,225% á ári af öllum innstæðum innlánsstofnana og að auki er greitt breytilegt iðgjald sem reiknað er samkvæmt áhættustuðli sem Fjármálaeftirlitið gefur hverri innlánsstofnun. Þrjú fjármálafyrirtæki sjá um stýringu eigna innstæðudeildar A, Landsbankinn hf., Landsbréf hf. og Kvika banki hf. Meðalávöxtun eigna árið 2015 var 6,15% að nafnverði.

Fram til þessa hefur ekki verið tekin ákvörðun um að leita samninga við fjármálastofnanir um stýringu eigna sjóðsins í innstæðudeild B í ljósi þess að stór hluti þeirra fjármuna hefur beðið útgreiðslu í samræmi við ákvörðun um greiðslur úr innstæðudeild B. Fjármunir innstæðudeildar B eru geymdir á reikningum í Seðlabanka í íslenskum krónum og erlendum myntum. Fjármunir verðbréfadeildar eru geymdir á reikningum í Seðlabanka Íslands í íslenskum krónum.

Einn starfsmaður var starfandi hjá sjóðnum á árinu og námu heildarlaun ársins, að meðtöldum launum til stjórnar, 21 millj. kr.

Stjórn TIF og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning TIF fyrir árið 2015 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 9 mars 2016.

Stjórn:

*Jónína*

*Dr. Valborg  
þ. Hauki*

*Þorgerður  
Hreiddur*


Framkvæmdastjóri:

*BRUNJAR KRISTJÁNSSON*

**STAÐFESTING FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA:**

Fjármála- og efnahagsráðuneyti. Dags: 14. mars 2016

Fjármála- og efnahagsráðherra

A handwritten signature in blue ink, reading "Bjarni Smeyla". The signature is written in a cursive style and is positioned below the printed name of the Minister of Finance and Economic Affairs.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2015, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 9. mars 2016

**KPMG ehf.**



# Rekstrarreikningur árið 2015

## - innstæðudeild A

	Skýr.	2015	2014
<b>Tekjur</b>			
Framlög aðildarfyrirtækja .....	3	3.261.843	3.149.650
Vaxtatekjur og verðbætur .....		1.003.319	860.016
		<u>4.265.162</u>	<u>4.009.666</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....		9.806	7.580
Annar rekstrarkostnaður .....		10.267	8.028
Eftirlit og umsýslubóknun .....		26.649	19.561
Fjármagnstekjuskattur .....	4	193.074	180.699
		<u>239.796</u>	<u>215.868</u>
<b>Tekjur umfram gjöld</b> .....	7	<u>4.025.366</u>	<u>3.793.798</u>



# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

## - innstæðudeild A

	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
<b>Eignir</b>			
<b>Bankainnstæður og verðbréf</b>			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæður .....		6.643	61.025
Aðrar bankainnstæður .....		53.464	50.488
Innlend ríkisskuldabréf .....		17.898.819	13.792.206
	6	17.958.926	13.903.719
<b>Aðrar eignir</b>			
Kröfur á aðildarfélög .....	3	797.031	821.058
		797.031	821.058
<b>Eignir samtals</b>		18.755.957	14.724.777
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Skuldir</b>			
Skuld við innstæðudeild B .....		7.233	1.790
Fjármagnstekjuskattur .....	4	109.334	113.582
Ýmsar skammtímaskuldir .....		7.930	3.311
		124.497	118.683
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé .....	7	18.631.460	14.606.094
		18.631.460	14.606.094
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		18.755.957	14.724.777

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2015 - innstæðudeild A

---

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tekjur umfram gjöld .....		4.025.366	3.793.798
Breytingar á rekstartengdum eignum .....	(	4.082.586)	( 4.041.082)
Breytingar á rekstartengdum skuldum .....		5.814	92.924
<b>(Minnkun) handbærs fjár .....</b>	(	51.406)	( 154.360)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		111.513	265.873
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	5	60.107	111.513

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b. Þessi reikningskil taka til innstæðudeildar A en samkvæmt breytingu á lögum nr. 98/1999 frá árinu 2012 er aðildarfélögum gert að greiða ársfjórðungslegt iðgjald til sjálfstæðrar deildar frá og með árinu 2011. Nýja deildin heitir innstæðudeild A.
- c. Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði.
- d. Viðskiptabóknarir eru færðar til lækkunar á vaxtatekjum, verðbótum og gengismun en árangurstengdar þóknarir, föst umsýslubóknun fyrir eignastýringu og þóknun vegna eftirlits með eignastýringu eru færðar sem sérstakur liður meðal gjalda.

## 2. Lagabreytingar

Smávægileg breyting varð á lögum 98/1999 á árinu 2015 þar sem tekin voru af tvímæli um að innstæður í eigu fjármálafyrirtækja í slita- eða gjaldprotameðferð og fyrirtækja sem misst hafa starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki væru undanskildar tryggingu með sama hætti og innstæður fjármálafyrirtækja.

## 3. Framlög aðildarfyrirtækja

Samkvæmt lögum nr. 98/1999 greiða innlánsstofnanir almennt iðgjald til A-deildar sem nemur 0,225% á ári af öllum innstæðum eins og þær eru skilgreindar í bráðabirgðaákvæðinu eða 0,05625% á ársfjórðungslegum gjalddaga. Að auki skal greiða breytilegt iðgjald sem reiknað er samkvæmt áhættustuðli sem Fjármálaeftirlitið gefur hverri innlánsstofnun. Iðgjald vegna 4. ársfjórðungs var greitt á gjalddaga þann 1. mars 2016 og er fært í rekstrarreikningi ársins 2015 og sem kröfur á aðildarfélög í efnahagsreikningi í árslok.

Framlög aðildarfélaga greinast sem hér segir:

	2015	2014
Almennt iðgjald 0,225 .....	2.556.352	2.455.040
Áhættuvegið iðgjald .....	705.491	694.610
Tekjufærð framlög samtals .....	<u>3.261.843</u>	<u>3.149.650</u>

## 4. Fjármagnstekjuskattur

Fjármagnstekjuskattur af hagnaði verðbréfa er færður til gjalda og skuldar í árslok. Sá hluti fjármagnstekjuskatts sem kemur vegna óinnleysts hagnaðar verðbréfa í árslok myndar skuldbindingu vegna fjármagnstekjuskatts.

## Skýringar, frh.:

---

### 5. Handbært fé

Bankainnstæður eru í íslenskum krónum. Innstæðurnar eru lausar til útborgunar og teljast því til handbærs fjár.

### 6. Verðbréf

Þrjú fjármálafyrirtæki sjá um stýringu eigna innstæðudeildarinnar A, Landsbankinn hf., Landsbréf hf. og Kvika banki hf. Tekjufærðum iðgjöldum á árinu var skipt á eignastýrendur í jöfnum hlutföllum og nema heildareignir í stýringu í árslok 17.952 millj. króna. Umræddir fjármunir eru að öllu leyti bundnir í innlendum ríkisskuldabréfum utan 53 millj. kr. sem voru inni á óbundnum innlánsreikningum í árslok. Meðalávöxtun eigna árið 2015 var 6,15% að nafnverði og skiptist þannig eftir eignastýrendum:

	Ávöxtun ársins 2015	Ávöxtun ársins 2014
Eignastýringarsafn TIF, samtals .....	6,15%	7,06%
Landsbankinn .....	6,49%	6,83%
Landsbréf .....	6,18%	6,91%
Kvika banki .....	5,79%	7,43%
Viðmið vegna árangurstengingar .....	6,99%	6,81%

Engin þóknun var greidd vegna árangurstengingar á árinu.

### 7. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:

	2015	2014
Eigið fé 1.1 .....	14.606.094	10.812.296
Tekjur umfram gjöld .....	4.025.366	3.793.798
Eigið fé 31.12 .....	18.631.460	14.606.094

# Rekstrarreikningur árið 2015 - innstæðudeild B

	Skýr.	2015	2014
<b>Tekjur</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		575.580	775.812
Endurheimtur frá slitabúum .....	3	1.590.772	0
		<u>2.166.352</u>	<u>775.812</u>
<b>Gjöld</b>			
Greiðslur vegna lcesave .....	4	20.000.000	0
Laun og launatengd gjöld .....		16.099	16.452
Annar rekstrarkostnaður .....		71.310	63.260
Gengismunur .....		349.764	29.185
Fjármagnstekjuskattur .....		117.022	155.490
		<u>20.554.195</u>	<u>264.387</u>
<b>(Gjöld umfram tekjur) tekjur umfram gjöld .....</b>	<b>6</b>	<u>( 18.387.843)</u>	<u>511.425</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

## - innstæðudeild B

	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
<b>Eignir</b>			
<b>Bankainnstæður</b>			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæður .....	1,5	4.298.567	23.979.652
		4.298.567	23.979.652
<b>Aðrar eignir</b>			
Kröfur á slitabú .....	3	1.286.000	0
Krafa á innstæðudeild A .....		7.233	1.790
Krafa á verðbréfadeild .....		70	0
		1.293.303	1.790
<b>Eignir samtals</b>		5.591.870	23.981.442
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuld við verðbréfadeild .....		0	158
Fjármagnstekjuskattur .....		86	87
Aðrar skammtímaskuldir .....		611	2.181
		697	2.426
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé .....	6	5.591.173	23.979.016
		5.591.173	23.979.016
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		5.591.870	23.981.442

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2015 - innstæðudeild B

---

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
(Gjöld umfram tekjur)Tekjur umfram gjöld .....	(	18.387.843)	511.425
Breytingar á rekstartengdum eignum .....	(	1.291.513)	46.099
Breytingar á rekstartengdum skuldum .....	(	1.729)	( 374)
<b>(Minnkun) aukning handbærs fjár .....</b>	(	19.681.085)	557.150
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		23.979.652	23.422.502
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	5	4.298.567	23.979.652

# Skýringar

---

## 1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b. Þessi reikningsskil taka til innstæðudeildar B en samkvæmt breytingu á lögum nr. 98/1999 frá árinu 2012 er aðildarfélögum gert að greiða ársfjórðungslegt iðgjald til sjálfstæðrar deildar frá og með árinu 2011. Nýja deildin heitir innstæðudeild A.
- c. Erlendar eignir og skuldir eru færðar miðað við árslokagengi Seðlabanka Íslands.

## 2. Framlög aðildarfélaga

Samkvæmt breytingum á lögum 98/1999 sem samþykkt voru á árinu 2012 renna engin ný iðgjöld til innstæðudeildar B frá og með árinu 2011.

3. Eins og kemur fram í skýringu 4 hafa kröfur TIF á þrotabú fjármálafyrirtækja að hluta fengist viðurkenndar sem almennar kröfur með dómi Hæstaréttar. Vegna óvissu um endanlega kröfufjárhæð og uppgjör þessara krafna hafa þær fram til þessa ekki verið færðar til eignar í ársreikningi sjóðsins. Þar sem nú liggur fyrir samþykki Seðlabankans og dómstóla um að ljúka slitaferli þrotabúanna og hefja útgreiðslu hefur dregið úr óvissu um áætlaðar endurheimtur og sjóðurinn því ákveðið að breyta mati sínu á kröfunum. Kröfurnar eru færðar til tekna í rekstrarreikningi og til eignar í samræmi við áætlaðar endurheimtur. Við matið var stuðst við upplýsingar frá slitastjórnnum þrotabúanna um áætlaðar endurheimtur ásamt upplýsingum um viðskiptaverð krafanna. Sjóðurinn fékk á árinu greiddar 305 millj. kr. Áætlaðar endurheimtur þeirra krafna sem eftir standa í árslok námu 1.286 millj. kr.

## 4. Skuldbindingar og kröfur TIF á hendur þrotabúum fjármálafyrirtækja

Á tímabilinu 6. - 9. október 2008, tók Fjármálaeftirlitið (FME) yfir stjórn þriggja stærstu viðskiptabanka landsins, Landsbanka Íslands hf. (nú LBI hf.), Kaupþings banka hf. (nú Kaupþing hf.) og Glitnis banka hf. (nú Glitnir hf.). Á næstu mánuðum þar á eftir tók Fjármálaeftirlitið síðan yfir vald hlutahafafunda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. (nú SPRON hf.), Sparisjóðabanka Íslands hf. (nú SPB hf.), Straums-Burðaráss fjárfestingabanka hf. (nú ALMC hf.), Sparisjóðsins í Keflavík og Byrs sparisjóðs. Strax við fall LBI hf. var ljóst að eignir innstæðudeildar TIF dygðu ekki til að mæta þeim kröfum sem innstæðueigendur LBI hf. áttu á hendur sjóðnum.

### Aðilar sem komu til skoðunar sem mögulegir kröfuhafar

Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir aðilum sem komu til skoðunar vegna hugsanlegra krafna innstæðueigenda hjá þeim á hendur TIF. Miðað er við þá dagsetningu þegar Fjármálaeftirlitið gaf út tilkynningu um greiðsluskyldu Tryggingarsjóðs eða þegar viðkomandi aðildarfélag var tekið til slitameðferðar eftir því sem við á. Um er að ræða mat sjóðsins byggt á upplýsingum frá viðkomandi aðildarfélagi og þeim kröfum sem borist hafa sjóðnum beint. Endanlegar staðfestingar á kröfum liggja þó ekki fyrir í öllum tilvikum.



**4. Skuldbindingar og kröfur TIF á hendur þrotabúum fjármálfyrirtækja, frh.:**

**Fjármálfyrirtæki**

	<b>Dags.</b>	<b>Áætlaður fjöldi kröfuhafa</b>
LBI hf. ....	27.10.2008	Breski innstæðutryggingarsjóðurinn og hollenski seðlabankinn vegna Icesave. Aðilar sem ekki lýstu kröfu á bresk og hollensk stjórnvöld. 140 aðilar vegna heildsölu- og peningamarkaðsinnlána. Nokkrir tugir vegna vaxtakrafna.

Greiddar hafa verið fimm hlutagreiðslur til forgangskröfuhafa, fyrsta í desember 2011, tvær árið 2012, sú fjórða í september 2013 og sú fimmta í desember 2014. Hefur slitastjórn LBI nú greitt samtals 1.118 milljarða kr. eða um 84,14% af forgangskröfum. Nauðasamningur LBI við kröfuhafa var staðfestur af héraðsdómi 18. desember 2015 og er nú bindandi fyrir alla aðila. Gert er ráð fyrir að greiðslur samkvæmt nauðasamningnum fari fram á fyrsta ársfjórðungi 2016 í formi reiðufjár, skuldabréfa og hlutafjár í LBI.

TIF hefur gert upp að fullu skuldbindingar við breska og hollenska tryggingasjóðinn og hafa þessir aðilar fallið frá öllum kröfum á hendur TIF. Mögulegar kröfur annarra innstæðueigenda á hendur TIF teljast greiddar af eignum LBI. TIF telur að innstæðueigendur LBI geti ekki átt frekari rétt á hendur TIF og telst uppgjör á skuldbindingum TIF vegna falls LBI lokið.

Kaupþing hf. ....	30.10.2008	Kaupþing hefur þegar greitt allar forgangskröfur. Upphaflega hafnaði slitastjórn Kaupþings að líta á áfallna vexti sem innstæður. Á kröfuhafafundi þann 14. desember 2011 kom fram að slitastjórn hafi breytt fyrri afstöðu sinni og samþykkt umræddar vaxtakröfur sem forgangskröfur. Eftir standa þó þeir sem ekki lýstu kröfum eða andmæltu ekki upphaflegri afstöðu slitastjórnar. Þessir aðilar teljast ekki eiga gildar forgangskröfur á hendur Kaupþingi.
-------------------	------------	--

TIF telur að innstæðueigendur Kaupþings geti ekki átt frekari rétt á hendur TIF og telst uppgjör á skuldbindingum TIF vegna falls Kaupþings lokið.

**4. Skuldbindingar og kröfur TIF á hendur þrotabúum fjármálfyrirtækja, frh.:**

<b>Fjármálfyrirtæki</b>	<b>Dags.</b>	<b>Áætlaður fjöldi kröfuhafa</b>
Glitnir hf. ....	4.11.2008	Á árinu 2012 greiddi slitastjórn Glitnis forgangskröfur að fullu.  TIF telur að innstæðueigendur Glitnis geti ekki átt frekari rétt á hendur TIF og telst skuldbindingum TIF vegna falls Glitnis lokið.
ALMC hf. ....	30.3.2009	Þann 16. október 2012 lagði Stapi lífeyrissjóður fram kröfu um greiðslu að fjárhæð 4.350 millj.kr., auk vaxta, vegna innstæðna Stapa hjá ALMC. Stjórn TIF hafnaði öllum kröfum Stapa á þeim grundvelli að ekki væri um innstæður að ræða heldur lánveitingu, en einnig var vísað til tómlætis af hálfu Stapa sem ekki hafði lagt fram neinar kröfur á hendur TIF fyrr en með umræddu bréfi. Í ljósi þess að greiðsluskylda TIF vegna innstæðna hjá ALMC stofnaðist 9. mars 2009 mundi krafa þessi, ef hún næði fram að ganga, verða greidd af iðgjöldum sem innheimt voru af fjármálfyrirtækjum 1. mars 2009.  Stapi hefur ekki haldið kröfu sinni fram síðar á hendur TIF og telst hún fyrnd að því marki sem hún kann að hafa verið til staðar.
SPB hf. ....	8.4.2009	Engar kröfur hafa komið fram. Mögulegar kröfur taldar fyrndar með vísan til 3. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda.
SPRON hf. ....	8.4.2009	Engar kröfur hafa komið fram. Mögulegar kröfur taldar fyrndar með vísan til 3. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda.
Sparisjóðurinn í Keflavík .....	17.5.2010	Engar kröfur hafa komið fram
Byr sparisjóður .....	17.5.2010	Engar kröfur hafa komið fram

**Icesave**

Í þjóðaratkvæðagreiðslu þann 9. apríl 2011 voru svokölluð Icesave lög felld en þau lög heimiluðu fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, að staðfesta samninga þá sem áritaðir voru í London 8. desember 2010 og fjölluðu um ábyrgð íslenska ríkisins á endurgreiðslu TIF til breska og hollenska ríkisins.

#### 4. Skuldbindingar og kröfur TIF á hendur þrotabúum fjármálafyrirtækja, frh.:

##### **Ákvörðun stjórnar TIF um greiðslu úr innstæðudeild**

Hinn 8. september 2011 tók stjórn TIF ákvörðun um greiðslu úr innstæðudeild sjóðsins í kjölfar hruns íslensku bankanna haustið 2008 og síðar. Ákvörðunin hefur verið birt og er aðgengileg í heild sinni á heimasíðu sjóðsins. Er þar mælt fyrir um að eignir sjóðsins sem stóðu til ráðstöfunar í október 2008 skyldu koma til greiðslu innstæðueigenda LBI hf. Auk breska og hollenska tryggingarsjóðsins er um að ræða mögulegar kröfur vegna svokallaðra heildsöluinnlána, peningamarkaðsinnlána og þeirra innstæðueigenda sem ekki lýstu kröfum á bresku og hollensku tryggingarsjóðina.

Stjórn TIF lítur svo á að greiðslur iðgjalda til TIF hafi myndað nýjan grunn frá og með gjalddaga ársins 2009 og þeir fjármunir standi ekki til útgreiðslu fyrir innstæðueigendur fjármálafyrirtækja sem FME lýsti ógjaldfær fyrir það tímamark.

Frestur til að skila athugasemdum við ákvörðunina rann út í byrjun desember 2011. Viðamestu athugasemdirnar bárust frá hollenska seðlabankanum (De Nederlandsche Bank – hér „DNB“) og breska tryggingarsjóðnum (Financial Services Compensation Scheme – hér „FSCS“). Stjórn TIF svaraði helstu athugasemdum og í kjölfarið áttu sér stað bréfasamskipti og fundir forsvarsmanna TIF, DNB og FSCS. Stjórn TIF lagði fram formlegt greiðslutilboð til DNB og FSCS þann 9. júlí 2012. Báðir aðilar mótmæltu greiðslutilboðinu og gerðu viðamiklar efnislegar athugasemdir við það. Í kjölfarið áttu sér stað fundir og samningaviðræður sem ekki skiluðu árangri. DNB og FSCS stefndu TIF fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur og kröfðust þess að TIF yrði gert að greiða eða staðfest yrði að TIF hafi borið að greiða að fullu lágmarkstryggingu eða allt að 20.887 evrur fyrir hvern innstæðueiganda, með áföllnum vöxtum og kostnaði. Höfuðstóllinn fyrir utan vexti og kostnað nam tæplega 556 milljörðum íslenskra króna. Málin voru þingfest þann 28. nóvember 2013.

Ýtrustu kröfur DNB og FSCS voru metnar á um eitt þúsund milljarða króna með áföllnum vöxtum og kostnaði þegar málin voru þingfest. Þann 17. september 2015 náðust samningar milli TIF annars vegar og DNB og FSCS hins vegar sem fela í sér að TIF greiddi þessum aðilum samtals 20 milljarða króna. Fór greiðslan fram í erlendum myntum og veitti Seðlabanki Íslands undanþágu frá gjaldeyrishöftum að því marki sem þurfti til að unnt væri að inna greiðslur af hendi. DNB og FSCS féllu frá öllum kröfum á hendur TIF og hafa síðan fellt niður þau dómsmál sem voru til meðferðar.

Skuldbindingar TIF gagnvart kröfuhöfum í kjölfar efnahagshrunsins sem varð árið 2008 teljast nú að fullu efndar og er ekki gert ráð fyrir að frekari greiðslur verði úr B-deild sjóðsins. Stjórn TIF hyggst leggja niður B-deild sjóðsins niður fljótlega og munu fjármunir þeir sem eftir eru í B-deildinni renna til A-deildar sjóðsins í samræmi við ákvæði til bráðabirgða V. í lögum nr. 98/1999, sbr. 7. gr. laga nr. 79/2012.

##### **Glitni hf.**

TIF lýsti fjórum kröfum gagnvart Glitni, þ.e. vegna gjaldfallinna iðgjalda á árinu 2008, vegna peningamarkaðsinnlána, vegna heildsöluinnlána og vegna innlausnar ábyrgðaryfirlýsingar Glitnis. Heildarfjárhæð krafna á hendur Glitni var 2.476 millj. kr. og EUR 2.790.031. Hluti heildarfjárhæðarinnar var vegna kostnaðar TIF við utnumhald og samskipti við kröfuhafa og innheimtupóknun lögmannna. Slitastjórn Glitnis hafnaði upphaflega öllum kröfum TIF. Ágreiningi um kröfur vegna iðgjalda og ábyrgðaryfirlýsingar var skotið til dómstóla og þann 17. febrúar 2015 fengust þær að mestu viðurkenndar, með dómi Hæstaréttar, sem almennar kröfur samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Kröfur vegna kostnaðar og innheimtupóknunar verða aðeins viðurkenndar sem eftirstæðar kröfur og munu ekki fást greiddar. Í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 589/2013, sem fjallað er um í lýsingu krafna á hendur Kaupþingi hf. hér á eftir, hafa kröfulýsingar sem stöfuðu af innlánnum verið afturkallaðar.

#### 4. Kröfur TIF á hendur þrotabúum fjármálafyrirtækja, frh.:

Nafnvirði þeirra krafna sem hafa nú verið samþykktar sem almennar kröfur á hendur slitabúi Glitnis eru samtals 1.303.633 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum sem slitastjórn Glitnis gaf í tengslum við gerð nauðasamnings við kröfuhafa er áætlað að 30,2% muni greiðast upp í almennar kröfur þegar nauðasamningurinn verður efndur. Samkvæmt því eru áætlaðar endurheimtur TIF frá Glitni um 394 millj. króna. Gerður er þó fyrirvari vegna gengisbreytinga, en úthlutun fer fram í erlendum myntum og verður miðað við sölugengi þeirra á þeim degi þegar úthlutun fer fram, auk þess sem ákveðin óvissa er uppi um nákvæmt umfang og tímasetningu sölu eigna í framtíðinni sem og fjölda ágreiningskrafna sem á endanum kunna að verða samþykktar.

Framkvæmd úthlutunar til TIF verður með eftirfarandi hætti:

1. Greidd var lágmarksgreiðsla í reiðufé að fjárhæð 3,5 millj. kr. þann 17. desember 2015. Greitt var í EUR.
2. Hlutfallsleg úthlutun af aðgengilegu reiðufé við tímamark nauðasamningsins. Greiðslur til TIF fóru fram 18. desember 2015 og námu 2.960.404 NOK, 262.627 GBP, 624.064 EUR og 877.590 USD. Miðað við sölugengi viðkomandi gjaldmiðla á greiðsludegi nam heildargreiðsla til TIF um 300 millj. króna.
3. Skuldabréf var gefið út af Glitni þann 8. janúar 2016, en á grundvelli þess verður hagnaði af framtíðarsölu eigna úthlutað ársfjórðungslega. Greitt verður í EUR. Heildarfjárhæð útgáfunnar er EUR 1.583.400.000. Engir vextir verða greiddir. Lokagjaldlagi er 31. desember 2030 og verður um nafnbréf að ræða. Nafnvirði sem kom í hlut TIF er 913.994 EUR. Nægi andvirði eigna ekki til fullrar greiðslu höfuðstóls bréfsins verður eftirstöðvum breytt í hlutafé í Glitni.
4. Nýir hlutir í Glitni. Glitni var breytt úr hlutafélagi í einkahlutafélag þann 8. janúar 2016 og hlutir þar færðir á nafn kröfuhafa í hlutaskrá. Upphaflegt útgefið hlutafé er áætlað 48.000.000 EUR. TIF fékk í sinn hlut 913.994 hluti í félaginu.

#### **Kaupþing hf.**

TIF lýsti fimm kröfum gagnvart Kaupþingi, þ.e. vegna gjaldfallinna iðgjalda á árinu 2008, vegna heildsöluinnlána, vegna peningamarkaðsinnlána, vegna áfallinna vaxta vegna EDGE reikninga og vegna innlausnar ábyrgðaryfirlýsingar bankans. Samtala krafna á hendur Kaupþingi var 409.822 millj. kr. Slitastjórn viðurkenndi hluta iðgjalda og ábyrgðaryfirlýsinga sem almennar kröfur skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl. Ágreiningur var um hvernig fara ætti með iðgjaldakröfur á grundvelli peningamarkaðsinnlána en samkomulag náðist um að niðurstaða þess ágreinings skyldi ráðast af því hvort peningamarkaðsinnlán teldust innlán eða ekki. Slitastjórn Kaupþings hafnaði kröfum TIF sem stöfuðu af ábyrgð á heildsölu- og peningamarkaðsinnlánunum og jafnframt kröfum sem byggðust á grundvelli áfallinna vaxta vegna EDGE reikninga. Ágreiningi um síðastgreindu kröfuna var vísað til dómstóla og niðurstaða fékkst með dómi Hæstaréttar í máli nr. 589/2013, sem kveðinn var upp 4. október 2013. Í dómi Hæstaréttar var vísað til þess að samkvæmt 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki verði kröfu því aðeins lýst og hún viðurkennd sem forgangskrafa við slit Kaupþings að kröfuréttarsamband hefði stofnast milli Kaupþings og þess sem kröfuna gerði. Talið var að þar sem TIF hefði ekki greitt andvirði þeirra innstæðna, sem vísað var til í dómkröfum hans, hefði hann ekki lögvarða hagsmuni af að leyst væri úr þeim kröfum og var málinu því vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi. Í kjölfar dómsins voru felldar niður kröfulýsingar vegna heildsölu- og peningamarkaðsinnlána.

Nafnvirði þeirra krafna sem hafa nú verið samþykktar sem almennar kröfur á hendur slitabúi Kaupþings eru samtals 1.435 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum sem slitastjórn Kaupþings gaf í tengslum við gerð nauðasamnings við kröfuhafa er áætlað að 30% muni greiðast upp í almennar kröfur þegar nauðasamningurinn verður efndur. Samkvæmt því eru áætlaðar endurheimtur TIF frá Kaupþingi um 430 millj. króna. Gerður er þó fyrirvari vegna gengisbreytinga, en úthlutun fer fram í erlendum myntum og verður miðað við sölugengi þeirra á þeim degi þegar úthlutun fer fram, auk þess sem ákveðin óvissa er uppi um nákvæmt umfang og tímasetningu sölu eigna í framtíðinni sem og fjölda ágreiningskrafna sem á endanum kunna að verða samþykktar.

### 4. Kröfur TIF á hendur þrotabúum fjármálafyrirtækja, frh.:

Framkvæmd úthlutunar til TIF verður með eftirfarandi hætti:

1. Greidd verður lágmarksgreiðsla í reiðufé að fjárhæð ISK 4,6 millj. kr. Greitt verður í EUR.
2. Hlutfallsleg úthlutun af aðgengilegu reiðufé við tímamark nauðasamningsins. Greitt verður í EUR. Fyrir hverjar 10.000 ISK mun TIF fá sem svarar jafngildi 830 ISK í EUR. Greiðsla til TIF ætti því að nema um 118 millj. króna.
3. Skuldabréf var gefið út af Kaupþingi þann 15. janúar 2016, en á grundvelli þess verður hagnaði af framtíðarsölu eigna úthlutað ársfjórðungslega. Greitt verður í sterlingspundum. Heildarfjárhæð útgáfunnar er jafngildi um 588.100.000.000 ISK í GBP. Engir vextir verða greiddir. Lokagjalddagi er 15 ár frá útgáfudegi. Fyrir hverjar 10.000 ISK fékk TIF skuldabréf sem svarar að nafnvirði til jafngildis 2.120 ISK í GBP. Nafnvirði skuldabréfs sem TIF hefur eignast nemur 1.614.547 GBP eða um 301 millj. króna. Nægi andvirði eigna ekki til fullrar greiðslu höfuðstóls bréfsins verður eftirstöðvum breytt í hlutafé í Kaupþingi.
4. Nýir hlutir í Kaupþingi. Kaupþingi hefur verið breytt úr hlutafélagi í einkahlutafélag og hlutir þar færðir á nafn kröfuhafa í hlutaskrá. Upphaflegt útgefið hlutafé er áætlað 13.600 millj. kr. TIF fékk í sinn hlut 7.096.774 hluti í félaginu.

#### **LBI hf.**

TIF lýsti níu kröfum gagnvart LBI hf., þ.e. vegna innstæðna á Icesave-reikningum í Amsterdam-útibúi, vegna innstæðna á Icesave-reikningum í London-útibúi, vegna heildsölu- og peningamarkaðsinnlána í Amsterdam-útibúi, vegna heildsölu- og peningamarkaðsinnlána í London-útibúi, vegna innstæðueigenda sem ekki lýstu kröfu á hendur hollenskum yfirvöldum, vegna innstæðueigenda sem ekki lýstu kröfu á hendur breskum yfirvöldum, vegna heildsölu- og peningamarkaðsinnlána í LBI hf. á Íslandi, vegna gjaldfallinna iðgjalda á árinu 2008 og vegna innlausnar ábyrgðaryfirlýsingar bankans. Samtala krafna á hendur LBI hf. var 7.046 millj. kr., EUR 2.356.886.468 og GBP 5.513.633.147. Slitastjórn LBI hf. hefur viðurkennt kröfur vegna iðgjalda og ábyrgðaryfirlýsinga sem almennar kröfur skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Slitastjórn LBI hf. hafnaði hins vegar kröfum vegna innlána. Í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 589/2013, sem fjallað er um í lýsingu krafna á hendur Kaupþingi hf. hér að framan, hafa kröfulýsingar sem stafa af innlánnum verið afturkallaðar.

Nafnvirði þeirra krafna sem hafa nú verið samþykktar sem almennar kröfur á hendur slitabúi LBI hf. eru samtals 6.774 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum sem slitastjórn LBI hf. gaf í tengslum við gerð nauðasamnings við kröfuhafa er áætlað að 14,38% muni greiðast upp í almennar kröfur þegar nauðasamningurinn verður efndur. Samkvæmt því eru áætlaðar endurheimtur TIF frá LBI um 974 milljónir króna. Gerður er þó fyrirvari vegna gengisbreytinga, en úthlutun fer fram í erlendum myntum og verður miðað við sölugengi þeirra á þeim degi þegar úthlutun fer fram, auk þess sem ákveðin óvissa er uppi um nákvæmt umfang og tímasetningu sölu eigna í framtíðinni sem og fjölda ágreiningskrafna sem á endanum kunna að verða samþykktar.

Framkvæmd úthlutunar til TIF verður með eftirfarandi hætti en fjárhæðir í liðum 2 og 3 hér að neðan geta breyst lítillega:

1. Greidd verður lágmarksgreiðsla í reiðufé að fjárhæð 1,7 millj. kr. Greitt verður í EUR.
2. Skuldabréf sem gefið verður út af LBI, en á grundvelli þess verður hagnaði af framtíðarsölu eigna úthlutað á hálfri árs fresti. Greitt verður í EUR. Engir vextir verða greiddir. Lokagjalddagi verður á árinu 2035. Fjárhæð skuldabréfs til TIF tekur mið af hlutfalli samþykkrar kröfu TIF af öllum samþykktum samningskröfum að frádreginni lágmarksfjárhæð. Samkvæmt upplýsingum frá slitastjórn LBI hf. verður fjárhæð bréfsins 1.184 millj. kr. Nafnvirði miðast við herra endurgreiðsluhlutfall en ná félagið ekki að greiða afborganir verður þeim breytt í hlutafé þegar þar að kemur. Nægi andvirði eigna ekki til fullrar greiðslu höfuðstóls bréfsins verður eftirstöðvum breytt í hlutafé í LBI.
3. Nýir hlutir í LBI. LBI verður breytt úr hlutafélagi í einkahlutafélag og hlutir þar færðir á nafn kröfuhafa í hlutaskrá. Upphaflegt útgefið hlutafé er áætlað 1.600 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum frá slitastjórn LBI hf. falla 6.793.743 hlutir í félaginu til TIF.

#### 4. Kröfur TIF á hendur þrotabúum fjármálafyrirtækja, frh.:

##### **SPRON hf.**

TIF lýsti tveimur kröfum gagnvart SPRON hf. sem samþykktar hafa verið sem almennar kröfur, þ.e. vegna gjaldfallinna iðgjalda SPRON á árinu 2009 og vegna ábyrgðar SPRON á árinu 2008. Samtala umræddra krafna á hendur SPRON var upphaflega 1.358 millj. kr. og var inni í þeirri fjárhæð krafa vegna ábyrgðaryfirlýsingar sem gefa hefði átt út árið 2009. TIF féll seinna frá hluta af kröfum sínum um útgáfu ábyrgðaryfirlýsingar árið 2009, innheimtubókun og kostnað. Kröfuskrá SPRON var uppfærð til samræmis við framangreint og er krafa TIF um greiðslu iðgjalda vegna ársins 2009 að fjárhæð 131 millj. kr. en krafa vegna ábyrgðaryfirlýsinga á árinu 2008 að fjárhæð 248 millj. kr.

Nafnvirði þeirra krafna sem hafa nú verið samþykktar sem almennar kröfur á hendur slítabúi SPRON eru samtals 379 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum sem slítastjórn SPRON gaf í tengslum við gerð nauðasamnings við kröfuhafa er áætlað að 3,29% muni greiðast upp í almennar kröfur þegar nauðasamningurinn verður efndur. Samkvæmt því eru áætlaðar endurheimtur TIF frá SPRON um um 12 millj. króna. Gerður er þó fyrirvari vegna gengisbreytinga, en úthlutun fer fram í erlendum myntum og verður miðað við sölugengi þeirra á þeim degi þegar úthlutun fer fram, auk þess sem ákveðin óvissa er uppi um nákvæmt umfang og tímasetningu sölu eigna í framtíðinni.

Framkvæmd úthlutunar til TIF verður með eftirfarandi hætti:

1. Greidd verður lágmarksgreiðsla í reiðufé að fjárhæð 1 millj. kr. Greitt verður í EUR.
2. Skuldabréf sem gefið verður út í SPRON, en á grundvelli þess verður hagnaði af framtíðarsölu eigna úthlutað ársfjórðungslega. Greitt verður í EUR. Heildarfjárhæð útgáfunnar er jafngildi 4.000.000.000 ISK í EUR. Engir vextir verða greiddir. Lokagjalddagi er 31. desember 2022. Fjárhæð skuldabréfs til TIF tekur mið af hlutfalli samþykkrar kröfu TIF af öllum samþykktum samningskröfum að frádreginni lágmarksfjárhæð. Samkvæmt því hlutfalli sem tilgreint er í atkvæðaskrá SPRON er hlutfall TIF 0,34331% og gæti fjárhæð skuldabréfs sem TIF fær í hendur því numið um 13,7 millj. kr.
3. Nýir hlutir í SPRON. SPRON verður breytt úr hlutafélagi í einkahlutafélag og hlutir þar færðir á nafn kröfuhafa í hlutaskrá. Upphaflegt útgefið hlutafé er áætlað 5 millj. kr. Fjöldi hluta til TIF tekur mið af hlutfalli samþykkrar kröfu TIF af öllum samþykktum kröfum og ætti TIF samkvæmt því að eignast 17.111 hluti í félaginu.

##### **SPB hf.**

TIF lýsti tveimur kröfum, annars vegar vegna iðgjalda af meðalstöðu ársins 2008 og hins vegar vegna innstæðna. Krafa um iðgjöld var samþykkt sem almenn krafa en skv. yfirlýsingu slítastjórnar eru engar innstæður í félaginu.

Nafnvirði þeirra krafna sem hafa nú verið samþykktar sem almennar kröfur á hendur slítabúi SPB eru samtals 76 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum sem slítastjórn SPB gaf í tengslum við gerð nauðasamnings við kröfuhafa mun mun 18-65% greiðast upp í almennar kröfur þegar nauðasamningurinn verður efndur. Endurgreiðsluhlutfallið veltur á niðurstöðu tveggja dómsmála sem nú standa yfir við Eignarhaldsfélag Seðlabanka Íslands (ESÍ). Samkvæmt því eru áætlaðar endurheimtur TIF frá SPB á bilinu 14 - 49 millj. króna.

## Skýringar, frh.:

---

### 4. Skuldbindingar og kröfur TIF á hendur þrotabúum fjármálafyrirtækja, frh.:

Framkvæmd úthlutunar til TIF verður með eftirfarandi hætti:

1. Greidd verður lágmarksgreiðsla í reiðufé að fjárhæð 2 millj. kr. Greitt verður í íslenskum krónum
2. Greidd verða 15% af samþykktri kröfu í íslenskum krónum.
3. Greiddar verða frekari greiðslur þegar niðurstaða liggur fyrir í dómsmálum við ESÍ sem gert er ráð fyrir að muni verða á árinu 2016.

#### **ALMC hf.**

Engar kröfur eru lengur á hendur ALMC hf. og er ekki talið að TIF muni þurfa að greiða innstæðueigendum þess banka í ljósi nauðasamningsumleitana félagsins.

### 5. Handbært fé

	2015	2014
Bankainnstæður í Seðlabanka í íslenskum krónum .....	3.997.714	16.221.016
Bankainnstæður í Seðlabanka í USD .....	113.456	0
Bankainnstæður í Seðlabanka í EUR .....	92.206	4.937.578
Bankainnstæður í Seðlabanka í GBP .....	51.659	2.821.055
Bankainnstæður í Seðlabanka í NOK .....	43.530	0
Aðrar bankainnstæður í Seðlabanka .....	2	3
	<u>4.298.567</u>	<u>23.979.652</u>

### 6. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:

	2015	2014
Eigið fé 1.1 .....	23.979.016	23.467.591
(Gjöld umfram tekjur) tekjur umfram gjöld .....	( 18.387.843)	511.425
Eigið fé 31.12 .....	<u>5.591.173</u>	<u>23.979.016</u>

# Rekstrarreikningur ársins 2015

## - verðbréfadeild

	Skýr.	2015	2014
<b>Tekjur</b>			
Framlög aðildarfyrirtækja .....	2	1.714	1.560
Vaxtatekjur og verðbætur .....		11.514	11.611
		<u>13.228</u>	<u>13.171</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....		163	163
Annar rekstrarkostnaður .....		175	173
Fjármagnstekjuskattur .....		2.302	2.322
		<u>2.640</u>	<u>2.658</u>
<b>Tekjur umfram gjöld</b> .....	5	<u>10.588</u>	<u>10.513</u>



# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

## - verðbréfadeild

	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
<b>Eignir</b>			
<b>Bankainnstæður og verðbréf</b>			
Krafa á innstæðudeildir .....		0	158
Seðlabanki Íslands, bankainnstæður .....		253.864	243.036
	4	253.864	243.194
<b>Eignir samtals</b>		253.864	243.194
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuld við innstæðudeildir .....		70	0
Aðrar skuldir .....		34	22
		104	22
 <b>Eigið fé</b>			
Eigið fé .....	5	253.760	243.172
		253.760	243.172
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		253.864	243.194

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2015 - verðbréfadeild

---

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tekjur umfram gjöld .....		10.588	10.513
Breytingar á rekstartengdum eignum .....		0	0
Breytingar á rekstartengdum skuldum .....		82	( 709)
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		10.670	9.804
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		243.194	233.390
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	4	253.864	243.194

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 2. Framlög aðildarfyrirtækja

Á árinu var aðeins innheimt vegna nýrra aðildarfélaga skv. 6 gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999. Alls voru innheimtar 1.714 þús. kr.

## 3. Greiðsluskylda verðbréfadeildar

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 9. apríl 2010 var VBS fjárfestingarbanki hf. tekinn til slitameðferðar og stofnaðist þar til greiðsluskyldu TIF samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Stjórn TIF hafnaði öðrum kröfum vegna VBS fjárfestingabanka hf. en þeim sem vörðuðu afhendingu bréfa í vörslu Lehman Brothers International Europe (LBIE). Þann 29. maí 2012 var viðskiptavinum VBS sent bréf þar sem þeim voru boðnar bætur fyrir þau verðbréf sem ekki höfðu fengist afhent frá LBIE gegn framsali þeirra á kröfu sinni á hendur VBS. Í kjölfarið greiddi TIF á árinu 2012 182 milljónir kr. til umræddra viðskiptavina VBS. TIF lýsti kröfum í bú VBS fjárfestingarbanka hf. fyrir hönd ofangreindra viðskiptavina. Kröfur TIF voru samþykktar sem forgangskröfur skv. 112. gr. laga nr. 21/1991. Nægar eignir voru í búinu til greiðslu forgangskrafna og fékk TIF því fullar endurheimtur. TIF þurfti ennfremur að bæta arðgreiðslur fyrir 6 milljónir kr., en þeir fjármunir fengust einnig endurgreiddir. Einn kröfuhafi gaf sig fram á árinu 2015 og fékk greiðslu kröfu sinnar. TIF hefur þegar endurheimt það fé frá slitabúi VBS. Nokkrir kröfuhafar hafa ekki gefið sig fram en heildarfjárhæð krafna þeirra er óveruleg.

Stjórn TIF er ekki kunnugt um skuldbindingar vegna annarra fjármálafyrirtækja sem farið hafa í þrot.

## 4. Handbært fé

	2015	2014
Innstæður í Seðlabanka í íslenskum krónum .....	253.864	243.036
	<u>253.864</u>	<u>243.036</u>

## 5. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:	2015	2014
Eigið fé 1.1 .....	243.172	232.659
Tekjur umfram gjöld .....	10.588	10.513
Eigið fé 31.12 .....	<u>253.760</u>	<u>243.172</u>